

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum.

Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið. Inntak b-liðar 2. gr. frumvarpsins er breyting á 6. gr. núgildandi laga þannig að gildistími bindandi álita sem ríkisskattstjóri gefur út samkvæmt 4. gr. verður fimm ár. Hafi álitsbeiðandi ekki farið í þær ráðstafanir sem fjallað er um í álitinu innan þessa tíma fellur það niður. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um tímabindingu álita.

SA leggja til að bætti verði við ákvæðið heimild í ákveðnum tilvikum til þess að framlengja gildi álita umfram þessi fimm ár. Í framkvæmd eru bindandi álit að mestu notuð af ráðgjöfum við ráðleggingar til viðskiptavina sinna. Verði gildistími takmarkaður við fimm ár hefur álitsbeiðandi enga tryggingu fyrir því að nýtt álit, sem hann þyrfti að sækja um að hinum fimm árum liðnum, verði ekki þvert á fyrra álit. Því væri eðlilegra að hafa inni í ákvæðinu heimild til þess að framlengja álit að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir lögmaður